

# Kárahnjúkavirkjun

Fallryksmælingar við Hálslón,  
á Brúaröræfum og í byggð  
á Fljótsdalshéraði sumarið 2009



Landsvirkjun

Mars 2010

Skýrsla LV nr: LV-2010/043

Dags: Mars 2010

Fjöldi síðna: 14    Upplag: 20    Dreifing:  Opin     Takmörkuð til

Titill: Kárahnjúkavirkjun. Fallryksmælingar við Háslón, á Brúaröræfum og í byggð á Fljótshéraði sumarið 2009

Höfundar / fyrirtæki: Gerður Guðmundsdóttir / Náttúrustofa Austurlands/NA-100099

Verkefnisstjóri: Hákon Aðalsteinsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun


Samvinnuaðilar: \_\_\_\_\_

Útdráttur: Mælingar á fallryki hafa staðið yfir á svæðinu í kringum Háslón, á Brúaröræfum og í byggð á Fljótshéraði á hverju sumri frá árinu 2005. Tilgangurinn er að meta áhrif Háslóns á rykmistur sem berst frá hálendinu norðan Vatnajökuls til norðausturs yfir Jökuldal og Fljótshérað. Fallryksmælar voru gerðir virkir um mánaðarmót maí/júní í byggð og mánaðarmót júní/júlí á hálendinu. Mælt var á öllum stöðum til loka september. Fallryk mældist í flestum tilvikum lítið en í september fór ryk yfir viðmiðunarmörk fyrir loftgæði í fallryksmæli í Arnardal. Upptök ryksins voru á eyrum Jökulsár á Fjöllum í suðvestan og vestan hvassvirði sem gekk yfir landið um miðjan september. Mest hætta á rykmengun frá bökkum Háslóns er frá því að snjóa leysir á vorin og jarðvegur fer að þorna og þar til lónið fer að fyllast af vatni. Mikilvægt er því að koma fallryksmælum upp sem fyrst á vorin. Þessi skýrsla fjallar um fallryksmælingar sumarið 2009 og er fimmta skýrslan sem kemur út vegna fallryksmælinga.

Lykilorð: Fallryk, mistur, Brúaröræfi, Fljótshérað, Háslón, Kárahnjúkavirkjun,

ISBN nr: \_\_\_\_\_

ISSN nr: \_\_\_\_\_



## Kárahnjúkavirkjun

Fallryksmælingar við Háslón, á Brúaröræfum  
og í byggð á Fljótsdalshéraði sumarið 2009



Gerður Guðmundsdóttir

Unnið fyrir Landsvirkjun

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	1
2. Aðferðir .....	2
2.1 Mælistöðvar .....	3
2.2 Fallryksmælar.....	3
2.3 Mælingar 2009 .....	4
2.4 Úrvinnsla gagna .....	6
3. Niðurstöður mælinga 2009 .....	8
4. Umræða.....	10
4.1 Tíðarfar .....	10
4.2 Fallryk sumarið 2009 .....	10
5. Heimildir .....	13

VIÐAUKI I - Hnitaskrá (GPS) fyrir mælistaði

VIÐAUKI II - Fallryksmælingar 2009

VIÐAUKI III - Skráning umsjónarmanns 2009

VIÐAUKI IV – Vindhraði, hiti og úrkoma á nokkrum veðurathugunarstöðvum á Austurlandi sumarið 2009

VIÐAUKI V- Vindátt og vindhraði á veðurathugunarstöðinni við Kárahnjúka 27. júní til 14. júlí og 21. til 23. júlí 2009

VIÐAUKI VI - Vindátt og vindhraði á veðurathugunarstöðvunum við Kárahnjúka, við Upptyppinga og á Brú 11. til 15. og 25. til 28. september 2009

## 1. INNGANGUR

Ryk í andrúmslofti getur verið af margvíslegum toga, bæði náttúrulegum og af mannavöldum. Rykmengun er gjarnan skipt eftir grófleika ryksins í svifryk og fallryk og er svifryk flokkað sem rykkorn minni en 10  $\mu\text{m}$  og fallryk rykkorn sem eru stærri en 10  $\mu\text{m}$  (Umhverfisstofnun 2004). Svifryk er fíngert og getur haldist á lofti dögum saman en fallryk fellur gjarnan til jarðar nálægt upptökum sínum nema við ákveðin veðurskilyrði að það getur borist langan veg. Fallryki er gjarnan skipt í ryk sem leysist upp í vatni og ryk sem leysist ekki upp í vatni. Vatnsleysanlegt fallryk er aðallega sjávarsölt á meðan ryk sem ekki leysist í vatni getur verið af ýmsum toga eins og frá vegum, iðnaði og jarðvegsfoki (Sigurbjörg Gísladóttir 1985). Mikið fallryk getur valdið skaða m.a. á gróðri og mannvirkjum og valdið óþægindum hjá fólki.

Mælingar á fallryki hafa staðið yfir á svæðinu í kringum Háslón, á Brúaröræfum og í byggð á Fljótsdalshéraði á hverju sumri frá árinu 2005. Mæld er ákoma ryks á mánuði. Mælingar frá nálægum veðurstöðvum á vindátt og vindstyrk eru notaðrar við mat á niðurstöðum. Tilgangur mælinganna er að meta áhrif Háslóns á rykmistur sem getur borist frá hálendinu norðan Vatnajökuls til norðausturs yfir Jökuldal og Fljótsdalshérað. En talið er að rykmistur frá bökkum Háslóns muni verða meðal þess sem Kárahnjúkavirkjun kann að hafa í för með sér og er talin ástæða til þess að fylgjast með því.

Nánari lýsingu á forsendum þess að ákveðið var að framkvæma fallryksmælingar við Háslón og í nágrenni er að finna í skýrslunni Kárahnjúkavirkjun, Fallryksmælingar við Háslón og í byggð, mælingar sumarið 2005 (Ingvar Björnsson 2006).

Fallryksmælarnir sem notaðir eru við söfnun á ryksýnum eru fengnir frá NILU í Noregi (Norsk institutt for luftforskning)(NILU Products AS 2010). Þeir eru samkvæmt norskum staðli NS 4852 en eru einnig hannaðir eftir ISO staðli (International Standardization Organization) ISO/DIS 4222.2, en þessir tveir staðlar eru sambærilegir (Karsten Fuglsang o.fl. 2003). Víða um heim þar sem verið er að fylgjast með ákomu fallryks er farið eftir ISO/DIS 4222.2 staðli (European Commission 2000, Ministry for the Environment 2001, Karsten Fuglsang o.fl. 2003).

Fallryk er mælt með því að safna rykkornum úr andrúmsloftinu í opin sívalningsílát. Rykkornin safnast í ílátin með setmyndun, í roki og með rigningu. Vökvi í ílátinu sér til þess að rykið helst þar. Söfnunartími er venjulega um ½ til 1 mánuður. Stærð rykagna er breytileg. Athuganir benda til að fallryksmælarnir safni einkum rykögnum sem eru 60-64  $\mu\text{m}$  og minni (Snorri Páll Kjarran og Hjalti Sigurjónsson 2004, H. Fjelstad NILU, tölvupóstur febrúar 2010).

Kostir við þessa aðferð til að mæla fallryk er að hún er einföld, ódýr og safnar fallryki óháð vindátt. Ókostirnir eru er að fallryksmælarnir greina ekki á milli ryks sem kemur úr þeirri átt sem verið er að fylgjast með og ryks sem kemur úr öðrum vindáttum. En með því að nýta veðurfarsgögn og fá upplýsingar frá veðurstöðvum í nágrenninu um vindstyrk og vindáttir yfir þau tímabil sem mælingar eru í gangi er hægt að leiða líkur að því hvaðan rykið kom.

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður mælinga á fallryki við Háslón og nágrenni sumarið 2009. Það er fimmta sumarið sem slíkar mælingar á fallryki fara fram og annað sumarið eftir að Háslón fylltist af vatni.

## 2. AÐFERÐIR

Landsvirkjun sér um uppsetningu á fallryksmælum og ryksýnatöku. Matís ohf í Neskaupstað sér um mælingar á magni fallryks í sýnum og afhendir niðurstöðurnar til Náttúrustofu Austurlands sem tekur niðurstöðurnar saman og skilar árlega í skýrslu til Landsvirkjunar.

Reiknilíkan var notað til að reikna dreifingu ryks frá Háslóni í hvassviðrum. Það gefur til kynna að fok úr lónstæðinu leiti í meginatriðum norður Jökuldal og dreifist til beggja hliða eftir því sem norðar dregur, þó frekar til austurs. Fallryk verður eðlilega mest næst lóninu en minnkar verulega þegar kemur út á Ytra-Jökuldal (Snorri Páll Kjara og Hjalti Sigurjónsson 2004). Söfnunarstaðir fyrir fallryk voru valdir með hliðsjón af niðurstöðum reiknilíkansins, aðgengi að viðkomandi stöðum, að lítil hætta væri á ágangi frá skepnum, og að þeir væru utan svæða þar sem væri jarðrask eða önnur starfsemi sem hefði rykmyndun í för með sér (Mynd 1)(Ingvar Björnsson 2006).



**Mynd 1.** Mælistaðir fallryks. Kortagrunnur, IS50V (c) Landmælingar Íslands, leyfi L04040003 (LV).




## 2.1 Mælistöðvar

Mælingar á fallryki hófust sumarið 2005 og hefur verið mælt árlega á sumrin síðan þá. Fjórtán mælistöðvar hafa verið virkar síðastliðin sumur en sumarið 2009 var fimm nýjum mælistöðvum bætt við og ein mælistöð var lögð af. Samtals voru því 18 mælistöðvar fyrir fallryk virkar sumarið 2009. Í byggð voru fjórar mælistöðvar (nr. 1 við Strönd, nr. 3 í Hólmatungu, nr. 4 við Hvanná 2 og nr. 5 á Brú). Við Háslón voru fimm stöðvar austan við Háslón (nr. 10 á Búrfellstöglum, nr. 18 SV við Sandfell, nr. 6 í Lindum, nr. 7 í Kofaöldu og nr. 19 við Sauða). Þrjár mælistöðvar voru norðan Háslóns (nr. 15 í Hafrahvömmum, nr. 16 undir Hallarfjalli og nr. 17 í Smjörtungum). Þrjár mælistöðvar voru vestan við Háslón (tvær voru í Sauðárdal nr. 8 og nr. 11 og ein vestan Sauðárdals nr. 9). Á Brúaröræfum voru þrjár mælistöðvar (nr. 14 í Fagradal, nr. 13 í Arnardal og nr.12 við Breiðastykki) (Mynd 1, bls. 2).

Fallryksmælingum var hætt við Mýnes sumarið 2009 og 5 nýjar stöðvar voru settar upp við Háslón. Tvær voru settar upp austan við lónið, nr.18 SV við Sandfell og nr. 19 við Sauða og þrjár mælistöðvar voru settar upp norðan við Háslóns, nr.15 í Hafrahvömmum, nr. 16 undir Hallarfjalli og nr. 17 í Smjörtungum. Hnitaskrá (GPS) fyrir mælistaðina er að finna í viðauka I.

## 2.2 Fallryksmælur

Fallryksmælur til söfnunar á ryksýnum eru samkvæmt norskum staðli NS 4852 (ISO/DIS 4222.2) og frágangur mæla og söfnun sýna eru einnig samkvæmt honum. Söfnunarílát eru úr plasti, sívöl 200 mm í þvermál og 400 mm há. Í þau eru settir 500 ml af 5% 2-methoxyethanoli (til að hindra bakteríu- og þörungavöxt og að vatn frjósi) og þeim komið fyrir í grind á stöng, þannig að efri brún ílátsins er um það bil 2 m yfir þeim stað þar sem mælirinn er settur (Mynd 2) (Norges Standardiseringsforbund (NFS) 1981).



Mynd 2. a) Söfnunarílát úr plasti,

b) Söfnunarílát í grind,

c) Fallryksmælir

Skipt er um ílát á um það bil 30 daga fresti og þurrefni sýnanna vigtuð hjá Matís ohf í Neskaupstað. Við skipti á íláti er skráð dagsetning og hvort einhverjar sérstakar aðstæður geti haft áhrif á niðurstöður mælinga. Umsjónarmaður með mælunum lýsir veðurfari um söfnunartímann hvert sinn. Nánari lýsingu á fallryksmælum og aðferð við sýnatöku og vigtun er að finna í NS 4852 (Norges Standardiseringsforbund (NFS) 1981).

### 2.3 Mælingar 2009

Sumarið 2009 voru 18 virkir söfnunarstaðir. Mælum var fjölgað um 4 frá liðnum sumrum. Mælingum var hætt við Mýnes og var sá fallryksmælir færður á nýjan stað við Háslón.

Fallryksmælar í byggð voru settir út um mánaðarmótin maí-júní og fallryksmælar við Háslón og á Brúaröræfum um mánaðarmótin júní-júlí. Öllum mælingum var hætt 1. og 2. október. Skipt var um söfnunarílát á um 30 daga fresti og voru mörk mælitímabíla sem næst mánaðarmótum (30 daga fresti  $\pm$  2 dagar).



**Mynd 3.** Fallryksmælir 5 á Brú. Staðsettur við hlið veðurathugunarstöðvar Landsvirkjunnar (Ljós. GG 2008)

Í byggð voru söfnunarílát sett upp 28. maí og tekin niður 2. október (mælar 1, 3, 4 og 5). Mælt var í 4 mánuði þ.e. 4 sýni fengust af hverjum mælistað. Fallryksmælir við Mýnes var tekinn niður og fluttur upp við Háslón. Ástæðan er sú að við Mýnes hefur verið hafin malarnámuvinnsla og getur ryk frá vinnslunni gefið villandi vísbendingar varðandi fallryk frá Háslóns-svæðinu og öðrum svæðum á hálendinu (Mynd 3).

Á svæðinu við Háslón voru söfnunarílát sett upp 30. júní, 1. og 2. júlí og tekin niður 1. og 2. október (mælar 6 til 11 og 15 til 19). Mælt var í 3 mánuði, þ.e. 3 sýni fengust af hverjum mælistað. Fimm nýir fallryksmælar voru settir við Háslón. Tveir voru settar upp austan við lónið, nr.18 SV við Sandfell og nr. 19 við Saudá og þrír mælar voru settar upp norðan við Háslóns, nr.15 í Hafrahvömmum, nr. 16 undir Hallarfjalli og nr. 17 í Smjörtungum (Mynd 4 til 7).



**Mynd 4.** Fallryksmælir 7 við Kofaöldu (Ljós. GG 2009).





**Mynd 5.** Fallryksmælir nr. 15 í Hafrahvömmum (Ljósm. GG 2009).



**Mynd 6.** Fallryksmælir nr. 16 undir Hallarfjalli (Ljósm. GG 2009).



**Mynd 7.** Fallryksmælir nr. 17 í Smjörtungum (Ljósm. GG 2009).

Á Brúaröræfum voru söfnunarlát sett upp 30. júní og tekin niður 1. október (mælar 12 til 14). Mælt var í 3 mánuði þ.e. 3 sýni fengust af hverjum mælistað (Mynd 8).



Mynd 8. Fallryksmælir nr. 13 í Arnardal (Ljós. GG 2009).

#### 2.4 Úrvinnsla gagna

Samkvæmt reglugerð nr. 817/ 2002 um loftgæðamörk fyrir fallryk úr andrúmslofti er miðað við að styrkur fallryks sem ekki er vatnsleysanlegt skuli ekki vera yfir  $10 \text{ g/m}^2$  miðað við mánaðar söfnunartíma. Í reglugerðinni er fallryk skilgreint sem ryk sem sest sjálfkrafa á rakt yfirborð (Reglugerð nr. 817/2002).

Á Íslandi er loftgæðamörkunum ekki skipt neitt frekar nema að það skuli ekki fara yfir  $10 \text{ g/m}^2$  miðað við mánaðar söfnunartíma.

Í skýrslu Hollustuverndar ríkisins frá 1985 um fallryksmælingar á Höfn í Hornafirði eru settar fram tillögur um loftgæðamörk fyrir fallryk þar sem viðmiðið er að fallryk milli  $5$  og  $10 \text{ g/m}^2$  á 30 daga tímabili er talið í lagi en ef fallryk er minna en  $5 \text{ g/m}^2$  eru loftgæði í góðu lagi (Tafla1) (Sigurbjörg Gísladóttir 1985).

Tafla 1. Loftgæðamörk fyrir fallryk miðað við mánaðar söfnunartíma (Sigurbjörg Gísladóttir 1985).

Ástand	Magn
Óviðunandi	$> 10 \text{ g/m}^2$
í lagi	$5-10 \text{ g/m}^2$
Gott	$< 5 \text{ g/m}^2$

Í Noregi er loftgæðamörkum fyrir fallryk úr andrúmslofti skipt í fjóra flokka (Tafla 2)(H. Fjelstad NILU, tölvupóstur febrúar 2010).

Tafla 2. Viðmiðunarmörk fyrir loftgæði í Noregi miðað við mánaðar söfnunartíma.

Ástand	Magn
Meget høyt	$>13 \text{ g/m}^2$ pr. 30 døgn
Høyt	$8-13 \text{ g/m}^2$ pr. 30 døgn
Moderat	$3-8 \text{ g/m}^2$ pr. 30 døgn
Lavt	$< 3 \text{ g/m}^2$ pr. 30 døgn

Niðurstöður mælinga sumarið 2009 frá öllum mælistöðum og tímabilum eru metin út frá viðmiðunarmörkum sem sýnd eru í töflu 1. Til að áætla magn fallryks á fermetra var notuð jafnan:

$$m_A = m_1 * \frac{10^4}{A} * \frac{30}{T}$$

Þar sem

$m_A$  er fallryk, sem ekki er vatnsleysanlegt, í g/m<sup>2</sup> yfir 30 daga

$m_1$  er fallryk í söfnunaríláti í g

A er flatarmál söfnunaríláts í cm<sup>2</sup>

T er mælitíminn í sólarhringum


(NS 4852, Norges Standardiseringsforbund (NFS) 1981).

Aflað var veðurfarsgagna frá sjálfvirkum veðurstöðvum Landsvirkjunar við Kárahnjúka og á Eyjabökkum, stöðvum Veðurstofunnar á Hallormsstað, Egilsstaðaflugvelli, í Möðrudal og Brú á Jökuldal, sjálfvirkri veðurstöð Siglingamálastofnunar í Bjarnarey og sjálfvirkri veðurstöð Orkustofnunar við Upptyppinga (Viðauki IV). Stuðst er við upplýsingar um vind, hitastig og úrkomu þar sem það eru þættir sem geta haft áhrif á magn ryks (ekki var hægt að fá úrkomu frá öllum stöðvum). Á nokkrum tímabilum voru einnig fengnar nánari upplýsingar um vind á nokkrum veðurstöðvum, þ.e. vindáttir (Viðauki V og VI).

### 3. NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA 2009

Sumarið 2009 mældist ákoma fallryks í byggð á Fljótsdalshéraði alltaf undir viðmiðunarmörkum um loftgæðamörk fallryks. Mest mældist fallryk í byggð í september á mæli 5 á Brú á Jökuldal um  $2,6 \text{ g/m}^2$  en á öðrum tímabilum var það undir  $0,9 \text{ g/m}^2$ . Á mæli 1 á Strönd mældist fallryk alltaf undir  $0,65 \text{ g/m}^2$  og á mæli 3 í Hólmatungu mældist það á öllum tímabilum undir  $0,74 \text{ g/m}^2$ . Á mæli 4 við Hvanná mældist fallryk í júní tæp  $1,15 \text{ g/m}^2$  en var á öðrum tímabilum undir  $0,9 \text{ g/m}^2$  (Mynd 9 og Tafla 3, bls. 9).

Á svæðinu austan við Háslón mældist ákoma fallryks á öllum tímabilum undir viðmiðunarmörkum um loftgæðamörk fyrir fallryk. Mest fallryk mældist í júlí á mæli 18 SV við Sandfell rúm  $3,4 \text{ g/m}^2$  og á mæli 19 við Sauða tæp  $2,2 \text{ g/m}^2$ . Á öðrum tímabilum mældist fallryk á þessum stöðvum undir  $0,5 \text{ g/m}^2$ . Á mæli 10 við Búrfellstögl og á mæli 7 við Kofaðlu mældist fallryk alltaf undir  $0,9 \text{ g/m}^2$  og á mæli 6 í Lindum mældist það alltaf undir  $0,6 \text{ g/m}^2$  (Mynd 9 og Tafla 3, bls. 9).




**Mynd 9.** Fallryk ( $\text{g/m}^2$ ) á mælistöðvum í byggð á Fljótsdalshéraði og á svæðinu austan við Háslón sumarið 2009.

Norðan við Háslón þar sem settir voru upp nýir fallryksmælur mældist fallryk á öllum tímabilum undir viðmiðunarmörkum um loftgæðamörk fyrir fallryk. Mest fallryk mældist í ágúst í mæli 15 í Hafrahvömmum um  $5,9 \text{ g/m}^2$  en sú mæling var ekki marktæk þar sem smyrill var í sýni. Í september mældist fallryk þar um  $3,3 \text{ g/m}^2$  og í júlí rúm  $1 \text{ g/m}^2$ . Í mæli 17 í Smjörtungum og í mæli 16 undir Hallarfjalli mældist fallryk í september um  $1,3 \text{ g/m}^2$  en var á öðrum tímabilum undir  $0,4 \text{ g/m}^2$  (Mynd 10 og Tafla 3, bls. 9).

Vestan við Háslón mældist fallryk á öllum tímabilum undir viðmiðunarmörkum um loftgæðamörk fyrir fallryk. Mest fallryk mældist í september á öllum stöðvum, tæplega  $2 \text{ g/m}^2$  í mæli 8 og mæli 11 Sauðárdal og rúmlega  $1 \text{ g/m}^2$  í mæli 9 vestan Sauðárdals. Á öðrum tímabilum mældist það undir  $0,8 \text{ g/m}^2$  á þessu svæði (Mynd 10 og Tafla 3, bls. 9).

Á Brúaröræfum mældist fallryk í mæli 13 í Arnardal yfir loftgæðamörkum fyrir fallryk í september eða um  $11,5 \text{ g/m}^2$ . Í mæli 14 í Fagradal og í mæli 12 við Breiðastykki mældist það einnig hærra í september en á öðrum tímabilum eða um  $1,8 \text{ g/m}^2$  annars

vegar og um  $1,3 \text{ g/m}^2$  hins vegar en það er undir loftgæðamörkum. Á öðrum tímabilum mældist fallryk á þessu svæði undir  $0,3 \text{ g/m}^2$  (Mynd 10 og Tafla 3).



**Mynd 10.** Fallryk ( $\text{g/m}^2$ ) á mælistöðvum norðan og vestan við Háslón og á Brúaröræfum.

**Tafla 3.** Niðurstöður mælinga á fallryki í byggð á Fljótsdalshéraði, við Háslón og á Brúaröræfum sumarið 2009.

Tímabil	Mælistaðir í byggð				Austan Háslóns				
	1 Strönd $\text{g/m}^2$	3 Hólmat. $\text{g/m}^2$	4 Hvanná $\text{g/m}^2$	5 Brú $\text{g/m}^2$	10 Búrf.tögl $\text{g/m}^2$	18 við Sandfell $\text{g/m}^2$	6 Lindur $\text{g/m}^2$	7 Kofalda $\text{g/m}^2$	19 við Sauðá $\text{g/m}^2$
júní	0.173	0.005	1.143	0.871					
júlí	0.634	0.310	0.854	0.799	0.246	3.444	0.588	0.890	2.193
ágúst	0.036	0.731	0.158	0.310	0.158	0.206	0.093	0.146	0.295
september	0.216	0.121	0.417	2.591	0.894	0.490	0.296	0.528	0.414

Tímabil	Norðan Háslóns			Vestan Háslóns			Brúaröræfi		
	17 Smjört. $\text{g/m}^2$	16 Hallarfj. $\text{g/m}^2$	15 Hafrahv. $\text{g/m}^2$	8 Sauðárd 1 $\text{g/m}^2$	11 Sauðárd 2 $\text{g/m}^2$	9 Ve.Sárd. $\text{g/m}^2$	14 Fagrid. $\text{g/m}^2$	13 Arnard. $\text{g/m}^2$	12 Breiðast. $\text{g/m}^2$
júlí	0.080	0.388	1.060	0.795	0.659	0.142	0.031	0.246	0.092
ágúst	0.174	0.107	5.932	0.286	0.156	0.069	0.182	0.284	0.136
september	1.284	1.390	3.267	1.913	1.683	1.073	1.804	11.469	1.268

## 4. UMRÆÐA

### 4.1 Tíðarfar

Seinnipartur vetrar (2008-2009) var fremur snjóþungur einkum til fjalla og var töluvert af snjó uppá heidum og jörð blaut fram yfir miðjan júní. Veðurfar í maí var fremur rólegt hvað varðar vind og úrkomu en í heildina var frekar kalt í veðri sem leiddi til að leysingar voru fremur hægar og án asahlákukaflla.

Í júní voru vindar hægir og úrkoma af og til. Hitastig var nálægt meðaltali en heitur kafli kom í lok júní. Í byrjun júlí var veður hlýtt og sólríkt. Norðlægar áttir urðu ríkjandi uppúr 10. júlí og var úrkomusamt og svalt í veðri.

Í ágúst voru norð- og austlægar áttir ríkjandi, fremur úrkomusöm tíð og hitastig nálægt meðallagi.

Í september var hiti og úrkoma yfir meðallagi. Rétt fyrir miðjan mánuðinn, 11. til 15. september gerði nokkuð hvasst af suðvestri og síðan vestri og var moldrok á Fljótsdalshéraði þann 15. Í lok mánaðarins gerði aftur nokkuð hvassa vinda af suðvesti (Viðauki III og VI) (Mbl.is 2009, Ríkisútvarpið vefur 2009).




Mynd 11. Á Kárahnjúkavegi í lok maí 2009 (Ljós. HMJ 2009).

### 4.2 Fallryk sumarið 2009

Niðurstöður mælinga sumarið 2009 sýna að með einni undantekningu mældist fallryk alltaf undir viðmiðunarmörkum um loftgæði fyrir fallryk. Undantekningin var í mæli 13 í Arnardal á Brúaröræfum í september þegar fallryk mældist um  $11,5 \text{ g/m}^2$  en það er yfir viðmiðunarmörkum um loftgæði (Mynd 9, bls. 8 og Mynd 10, bls. 9).

Í september þegar fallryk mældist yfir viðmiðunarmörkum í mæli 13 í Arnardal mældist það einnig meira á öðrum mælistöðvum á Brúaröræfum, vestan og norðan við Háslón og í mæli 5 á Brú á Jökuldal, heldur en á öðrum tímabilum sumarsins. Mælingar þar voru þó vel undir viðmiðunarmörkum (Mynd 9, bls. 8 og Mynd 10, bls. 9). Ástæður þess að hærri fallryksgildi mælast á þessum stöðvum á þessu tímabili eru líklega veðurfarslegar. Um miðjan september gekk yfir suðvestan og síðan vestan hvassviðri ásamt því að þurr var í veðri (Viðauki IV og VI). Olli hvassviðrið moldroki á Héraði þann 15. september. Greina mátti moldrokið á gervihnatta-myndum og voru upptökin frá svæðinu þar sem Jökulsá á fjöllum kemur undan Dyngjujökli og hefur sandurinn borist með vindinum til austurs (Mbl.is 2009, Ríkisútvarpið vefur 2009). Einnig var nokkuð hvasst af suðvestri í lok mánaðarins auk þess sem seinni hluti september var fremur þurr og gæti það einnig hafa átt þátt í hærri fallryksgildi á þessum mælistöðvum þennan mánuð (Viðauki IV og VI). Háslón var orðið fullt í september og því hefur ekki verið um að ræða jarðvegsfok þaðan eins og sést á því að fallryksgildi á mælistöðvum austan við lónið eru að mælast lág á þessum tíma.

Sumrið 2007, á mælitímabilinu frá miðjum ágúst til miðs september var samskonar mynstur og í september 2009. Fallryk mældist hátt í mæli 13 í Arnardal (rúmlega  $9/\text{g}/\text{m}^2$ ). Á hinum 2 mælistöðvunum á Brúaröræfum, á svæðinu vestan Háslóns og í mæli 5 á Brú mældist fallryk hærra á þessu tímabili en öðrum þó það hafi verið undir viðmiðunarmörkum (Mynd 12). Á þessu tímabili 2007 var lítið um úrkomu, vindar yfirleitt hægir en það komu hvassir norðvestan og vestan vindar, einkum á hálendinu inn til landsins og bar þá nokkuð á mistri í lofti á Héraði. Upptökin voru þá einnig frá Dyngjujökulssvæðinu, og svæðinu sem tilheyrir Jökulsá á Fjöllum, sem venjulega er þurr á þessum tíma. Mælistaðurinn í Arnardal stendur næst þessu svæði sem skýrir það mikla fallryk sem mældist þar (Hreggviður M. Jónsson, tölvupóstur apríl 2008, Gerður Guðmundsdóttir 2008).



**Mynd 12.** Fallryk ( $\text{g}/\text{m}^2$ ) á mælistöðvum á Brú, við Háslón og á Brúaröræfum á tímabilinu frá miðjum ágúst til miðs september 2007 og september 2009.

Fimm nýir fallryksmælur voru settir upp við Háslón 1. og 2. júlí 2009. Þrír voru settir upp norðan við lónið og tveir alveg við lónið austanvert. Í mælunum sem settir voru upp austan við Háslón mældist fallryk í júlí nokkuð hærra heldur en á öðrum mælistöðvum þetta tímabil en var samt sem áður undir viðmiðunarmörkum um loftgæði fyrir fallryk, mælir 18 við Sandfell ( $3,4 \text{ g}/\text{m}^2$ ) og mælir 19 við Sauða ( $2,2 \text{ g}/\text{m}^2$ ) (Mynd 9, bls. 8, Mynd 10, bls. 9 og Tafla 3, bls. 9).

Skýringuna á hærri fallryks-gildum á mælistöðvum 18 og 19 í júlí miðað við aðrar stöðvar má líklega skýra með þurru veðri, vindhviðum og nálægð við lónið.

Seinnipartur júní var þurr á svæðinu við Kárahnjúka og í lok júní og fyrstu daga júlí kom hlýr þurr kafli með suðlægum vindáttum.



**Mynd 13.** Rykmistur frá bökkum Háslóns 1. júlí 2009. Séð í vestur yfir lónið (Ljósm. GG 2009)

Síðustu daga júní og byrjun júlí var eitthvað um jarðefnafok frá bökkum lónsins sem myndaði rykmistur yfir lóninu og í norður frá því (Mynd 13 og 14). Á þessum tíma



**Mynd 14.** Ryksmistur frá bökkum Háslóns 1. júlí 2009. Séð í suður yfir lónið, Sandfell t.v. (Ljós. GG 2009).

var vindur yfirleitt hægur með meðalvindhraða frá tæpum 4 til tæpra 6 m/s. Mesti vindhraði var um 11 m/s og mesta hviða fór í rúma 13 m/s. Fram undir miðjan júlí var lítil úrkoma fyrir utan einn dag þann 4. júlí. Dagana 9. og 10. júlí komu aftur sunnan vindar þar sem meðalvindur var 4-5 m/s, mesti vindhraði var í 9-12 m/s og mestu hviður fóru í 10 til rúmlega 13 m/s. Eftir 10. júlí voru ríkjandi

norðanáttir án mikillar úrkomu. Frá 21. til 23. júlí voru dagar þar sem fór saman þurrviðri, meðalvindur var um 5-6 m/s. Mesti vindhraði var 9-12 m/s og mesta vindhviða fór í 15 m/s (Viðauki IV og V)(Veðurstofan 2009).

Þó vindar hafi verið fremur hægir komu hviður sem hafa náð að blása fínum jarðvegi upp í mælana sem voru alveg við lónið. Hviðurnar hafa ekki verið nógu sterkar til að bera jarðefnin í mæla lengra frá t.d. þá sem eru norðan við lónið, en mælingar sýna að ekki hefur farið mikið af jarðefnum í þá.

Vatnsborð í Háslóni er í lægstu stöðu í maí og í meðalárferði er það orðið fullt í byrjun ágúst. Frá því að snjóa leysir á vorin og þar til vatnsborð fer að hækka er töluvert af bökkum lónsins á þurru og einkennist það svæði þá af leirkenndum fínum jarðvegi. Þegar þurr er í veðri þarf ekki mikinn vind til að feykja honum upp. Mikilvægt er því að koma fallryksmælunum á þessu svæði upp um leið og snjóa leysir og jarðvegur fer að þorna. Sumarið 2009 hefði verið heppilegt ef mælarnir við Háslón hefðu verið komnir upp nokkrum dögum fyrr, jafnvel hálfum mánuði.

Sumarið 2009 var fimmta sumarið sem mælingar á ákomu fallryks fara fram og annað sumarið eftir að áhrifa frá Háslóni ætti að geta gætt. Tímabilið á vorin þegar jarðvegur fer að þorna og fram í júlí, byrjun ágúst þegar Háslón fer að fyllast, er viðkvæmast hvað varðar rykmengun frá bökkum Háslóns. Ekki hafa komið mikil sunnan, suðvestan eða vestan hvassviðri á þessu tímabili þau ár sem mælingar hafa staðið yfir. Mælingar frá júlí sumarið 2009, þar sem meira ryk mældist í mælum sem eru alveg við lónið, sýna að ekki þarf mikinn vind til að feykja fínum jarðveginum upp. Uppsetning á fimm nýjum mælum við Háslón er góð viðbót við verkefnið og ættu þeir að gefa nánari upplýsingar sem nýtast við túlkun á að meta áhrif Háslóns á rykmistur sem berst frá hálendinu norðan Vatnajökuls.



## 5. HEIMILDIR

- European Commission 2000. *Ambient air pollution by AS, CD and NI compounds*. Position paper. Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities, 2001.
- Gerður Guðmundsdóttir 2008. *Kárahnjúkavirkjun, Fallryksmælingar við Háslón og í byggð, Sumarið 2007*. Landsvirkjun LV 2008/059
- Ingvar Björnsson 2006. *Kárahnjúkavirkjun, Fallryksmælingar við Háslón og í byggð, Sumarið 2005*. Landsvirkjun LV 2006/002
- Karsten Fuglsang, Ole Schleicher og Arne Oxbøl 2003. *Baggrundsdokument for fastsættelse af grænseværdi for nedfald af støv og regulering af støvemissioner fra diffuse kilder*, Miljøprojekt nr. 879, 2003. Miljøstyrelsen, Miljøministeriet 89bls.  
<http://www2.mst.dk/Udgiv/publikationer/2003/87-7614-064-4/pdf/87-7614-065-2.pdf>.
- Mbl.is 2009. Mikið moldrok á Fljótsdalshéraði.  
[http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/09/15/mikid - moldrok a fljotsdalsheradi/](http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/09/15/mikid-moldrok-a-fljotsdalsheradi/). Skoðað í febrúar 2010.
- Ministry for the Environment 2001. *Good practice guide for assessing and managing the environmental effects of dust emissions*. New Zealand: Ministry for the Environment 2001.
- NILU Products AS 2010.  
<http://products.nilu.no/ProductsDivision/ParticulateFalloutandPrecipitationCollectors/tabid/1937/Default.aspx>. Skoðað í febrúar 2010.
- NS 4852 1981. *Luftundersøkelser, Utluft. Måling af støvnedfald, Støvsamler med horisontal samleplate, 2. utg.* Norges Standardiseringsforbund (NFS).
- Reglugerð um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti. nr. 817/2002. <http://www.reglugerd.is/>. Skoðað í febrúar 2010.
- Ríkisútvarpið vefur 2009. Mikið moldrok á Austurlandi í gær.  
<http://www.ruv.is/heim/frettir/frett/store64/item298746>. Skoðað í febrúar 2010.
- Sigurbjörg Gísladóttir 1985. *Fallryksmælingar á Höfn í Hornafirði, desember 1984 - maí 1985*. Reykjavík, Hollustuvernd ríkisins, 34 s.
- Snorri Páll Kjaran og Hjalti Sigurjónsson 2004. *Dreifing ryks af bökkum Háslóns, Áfangaskýrsla III*. Verkfræðistofan Vatnaskil unnið fyrir Landsvirkjun LV-2004/84
- Umhverfisstofnun 2004. *Umhverfisstofnun umhverfisvísar*,  
[http://www.ust.is/media/fraedsluefni/UST\\_visar.pdf](http://www.ust.is/media/fraedsluefni/UST_visar.pdf). skoðað í febrúar 2010
- Veðurstofan 2009. Nöfn vindstiga og greining veðurhæðar.  
<http://www.vedur.is/vedur/frodleikur/greinar/nr/1098>. Skoðað í febrúar 2010

# **Viðauki I**

Hnitaskrá (GPS) fyrir mælistaði

# VIÐAUKI I

Hnitskrá (GPS) fyrir mælistaðina er í eftirfarandi töflu

<b>Mælistaðir á Fljótsdalshéraði:</b>	Norður	Vestur
Stöð01 Strönd Vallahreppi	65.09.898	14.36.339
Stöð03 Hólmátunga Hlíðarh	65.38.969	14.21.184
Stöð04 Hvanná 2 Jökuldal	65.21.895	14.49.924
Stöð05 Brú á Jökuldal	65.06.513	15.31.777
<b>Mælistaðir við Háslón:</b>		
Stöð06 Lindur	64.53.900	15.48.254
Stöð07 Kofaalda	64.50.876	15.49.330
Stöð08 Sauðárdalur	64.56.010	15.53.338
Stöð09 Vestan Sauðárdals	64.54.232	15.57.108
Stöð10 Á Búrfellstöglum	64.55.482	15.43.620
Stöð11 Sauðárdalur	64.54.941	15.55.278
Stöð15 Hafrahvamar	64.58.759	15.46.112
Stöð16 Hallarfjall	65.00.580	15.43.131
Stöð17 Smjötunga	64.58.628	15.41.370
Stöð18 SV við Sandfell Háslóni	64.54.569	15.49.015
Stöð19 NV við Sauða	64.48.535	15.51.269
<b>Mælistaðir á Brúaröræfum</b>		
Stöð12 Breiðastykki	65.08.817	15.45.174
Stöð13 Arnardalur	65.06.132	16.05.919
Stöð14 Fagridalur	64.56.016	16.01.595

## **Viðauki II**

Fallryksmælingar 2009

**Kárahnjúkavirkjun**  
**Fallryksmælingar 2009**  
 Fallryk í grömmum á tilteknu tímabili

Fijótsdalshérað (mælistaðir í byggð)

Ár 2009		Stöð Nr.1	Stöð Nr. 3	Stöð Nr. 4	Stöð Nr. 5
Tímabil	Dagar	Strönd gr.	Hólmatu. gr.	Hvanná gr.	Brú gr.
28/5-29/6	32	0,0058	0,00016	0,0383	0,0292
29/6-1/8	33	0,0219	0,0107	0,0295	0,0276
1/8-2/9	32	0,0012	0,0245	0,0053	0,0104
2/9-2/10	30	0,0068	0,0038	0,0131	0,0814

Austan Háslóns

Vestan Háslóns

Ár 2009		Stöð Nr. 6	Stöð Nr. 7	St. Nr. 10	Stöð Nr.18	Stöð Nr.19	Stöð Nr. 8	Stöð Nr. 9	Sr. Nr. 11
Tímabil	Dagar	Lindur gr.	Kofalda gr.	Búrf.tögl gr.	v. Sandf gr.	v. Sauðá gr.	Sauðárd. gr.	VeSárd. gr.	Sauðárd. gr.
30/6-31/7	31	0,0191	0,0289	0,008			0,0258	0,0046	0,0214
2/7-31/7	29				0,1046	0,0666			
31/7-1/9	32	0,0031	0,0049	0,0053	0,0069	0,0099			
31/7-2/9	33						0,0099	0,0024	0,0054
1/9-1/10	30	0,0093	0,0166	0,0281	0,0154	0,013			
2/9-1/10	29						0,0581	0,0326	0,0511

Brúaröræfi

Norðan við Háslón

Ár 2009		St. Nr. 12	St. Nr. 13	St. Nr. 14	Stöð Nr.15	Stöð Nr.16	Stöð Nr.17
Tímabil	Dagar	Breiðastk. gr.	Arnard. gr.	Fagrid. gr.	Hafrahv gr.	Hallarfj gr.	Smjört gr.
30/6-31/7	31	0,003	0,008	0,001			
1/7-31/7	30				0,0333	0,0122	0,0025
31/7-2/9	33	0,0047	0,0098	0,0063	0,205	0,0037	0,006
2/9-1/10	29	0,0385	0,3483	0,0548	0,0992	0,0422	0,039

## **Viðauki III**

Skráning umsjónarmanns 2009

Viðauki III

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

Kárahnjúkavirkjun  
Mistur frá Háslóni  
Fallryksmælar

2009  
Strönd Vallarhreppi Fljótshéraði.

**Áfok 1**

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
<b>NR. 1</b>	N: 65° 09,898' V: 014° 36,339'	500-1000 m innan við bæinn Strönd á Völlum. Þar á grasi grónum Fljótshakkanum.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn	2009-05-28						
			Veðurfar í vor (Maí) hefur verið fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu en frekar kalt yfir það heila. Seinni partur sl. vetrar var, einkum til fjalla mun snjóþyngri en undan farin ár og því er enn töluverður snjór uppá heiðum og jörð því blaut og víða snjór. Leysingar voru fremur hægar á nýliðnu vori og án asahlákukafla.				Hælar sem stög tengjast við voru reknir niður þ.s. þeir höfðu aðeins færst upp. Hefðbundinn skammtur af afjónuðu vatni og 2-methoxyethanoli (98%) var settur í söfnunarlát. 19.06.2009 ath. með vökva í gildru, í lagi.
<b>Sýni 1</b>	2009-05-28	2009-06-29	Veðurfar tímabils fremur aðgerðarlítið, vindar hægir og úrkoma af og til. Hitastig hefur verið nálægt meðaltali en heitur kafli kom í lok júní. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið lítil vegna snjóalaga á fjöllum.	2009-07-03			Vökvi gufaður upp
<b>Sýni 2</b>	2009-06-29	2009-08-01	Veðurfar í byrjun júlí var gott, hlýtt og sólríkt. Norðlægar áttir verða ríkjandi uppúr 10. júlí (byrjun hundadaga) og því hefur verið úrkomusamt, fremur svalt og skilyrði til foks á jarðefnum lítil.	2009-08-07			Töluverður vökvi í íláti
<b>Sýni 3</b>	2009-08-01	2009-09-02	Norðlægar/austlægaráttir ríkjandi, frekar úrkomusóm tíð og hitastig nálægt meðallagi	2009-09-03			Mikið vatn í íláti
<b>Sýni 4</b>	2009-09-02	2009-10-02	Híti og úrkoma yfir meðallagi	2009-10-06			Smá snjór í íláti
			Mælingu 2009 hætt 1. okt.				

Viðauki III

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

Kárahnjúkavirkjun  
Mistur frá Hálslóni  
Fallryksmælar

2009

Hólmatunga í Hlíðarhreppi á Fljótsdalshéraði

**Áfok 3**

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 3	N: 65° 38,969' V: 014° 21,184	Staðsettur 8-900 m SV bæjar að Hólmatungu í Hlíðarhr, N Hér. Stendur í S horni á túni á bakka Jökulsár. Farvegur Jöklu er sandur en nánasta umhverfi annars slétt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn	2009-05-29		Veðurfar í vor (Maí) hefur verið fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu en frekar kalt yfir það heila. Seinni partur sl. vetrar var, einkum til fjalla mun snjóþyngri en undan farin ár og því er enn töluverður snjór uppá heiðum og jörð því blaut og víða snjór. Leysingar voru fremur hægar á nýliðnu vori og án asahlákukafla.				Stöðin var færð inní giðringu sem hún stóð áður við. Fjarlægð um 10 metrar. 19.06.2009 ath. með vökva í gildru, í lagi.
Sýni 1	2009-05-29	2009-06-29	Veðurfar tímabils fremur aðgerðarlítið, vindar hægir og úrkoma af og til. Hitastig hefur verið nálægt meðaltali en heitur kafli kom í lok júní. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið lítil vegna snjóalaga á fjöllum.	2009-07-03			Vökvi uppgufaður.
Sýni 2	2009-06-29	2009-08-01	Veðurfar í byrjun júlí var gott, hlýtt og sólríkt. Norðlægar áttir verða ríkjandi uppúr 10. júlí (byrjun hundadaga) og því hefur verið úrkomusamt, fremur svalt og skilyrði til foks á jarðefnum lítil.	2009-08-07			Vökva bætt í ílát 16.07.
Sýni 3	2009-08-01	2009-09-02	Norðlægar/austlægaráttir ríkjandi, frekar úrkomusöm tíð og hitastig nálægt meðallagi	2009-09-03			
Sýni 4	2009-09-02	2009-10-02	Híti og úrkoma yfir meðallagi	2009-10-06			
			Mælingu 2009 hætt 1. okt.				



Viðauki III

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

Kárahnjúkavirkjun  
Mistur frá Háslóni  
Fallryksmælar

2009  
Hvanná 2, Jökuldal Fijótsdalsshéraði

**Áfok 4**

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
<b>NR. 4</b>	N: 65° 21,895' V: 014° 49, 924	Staðsettur við Hvanná 2 á Jökuldal, 3-400 m SV við íbúðarhúsi í jaðri á túni. Land í næsta nágrenni er tiltölulega flatt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn	2009-05-28		Veðurfar í vor (Maí) hefur verið fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu en frekar kalt yfir það heila. Seinni partur sl. vetrar var, einkum til fjalla mun snjóþyngri en undan farin ár og því er enn töluverður snjór uppá heiðum og jörð því blaut og víða snjór. Leysingar voru fremur hægar á nýliðnu vori og án asahlákukafla.				Hælar á stögum færðir til og hert á stögnum. 17.06.2009, ath. með ástand í íláti og bætt í það 1/2 skammti.
<b>Sýni 1</b>	2009-05-28	2009-06-29	Veðurfar tímabils fremur aðgerðarlítið, vindar hægir og úrkoma af og til. Hitastig hefur verið nálægt meðaltali en heitur kafli kom í lok júní. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið lítil vegna snjóalaga á fjöllum.	2009-07-03			Lítill vökvi í söfnunarláti.
<b>Sýni 2</b>	2009-06-29	2009-08-01	Veðurfar í byrjun júlí var gott, hlýtt og sólríkt. Norðlægar áttir verða ríkjandi uppúr 10. júlí (byrjun hundadaga) og því hefur verið úrkomusamt, fremur svalt og skilyrði til foks á jarðefnum lítil.	2009-08-07			Vökva bætt í ílát 16.07
<b>Sýni 3</b>	2009-08-01	2009-09-01	Norðlægar/austlægaráttir ríkjandi, frekar úrkomusöm tíð og hitastig nálægt meðallagi	2009-09-03			
<b>Sýni 4</b>	2009-09-01	2009-10-01	Hiti og úrkoma yfir meðallagi	2009-10-06			
			Mælingu 2009 hætt 1. okt.				

Viðauki III

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

Kárahnjúkavirkjun  
Mistur frá Háslóni  
Fallryksmælar

2009  
Brú á Jökuldal Fljótsdalshéraði.

**Áfok 5.**

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
<b>NR. 5</b>	N: 65° 06,513 V: 015° 31, 777	Stösettur við hlið veðurathugunarstöðvar LV að Brú á Jökuldal. Næsta umhverfi er slétt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtnun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	2009-05-28		Veðurfar í vor (Maí) hefur verið fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu en frekar kalt yfir það heila. Seinni partur sl. vetrar var, einkum til fjalla mun snjóþyngri en undan farin ár og því er enn töluverður snjór uppá heiðum og jörð því blaut og víða snjór. Leysingar voru fremur hægar á nýliðnu vori og án asahlákukafla.			
<b>Sýni 1</b>	2009-05-28	2009-06-29	Veðurfar tímabils fremur aðgerðarlítið, vindar hægir og úrkoma af og til. Hitastig hefur verið nálægt meðaltali en heitur kafli kom í lok júní. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið lítil vegna snjóalaga á fjöllum.	2009-07-03		
<b>Sýni 2</b>	2009-06-29	2009-07-31	Veðurfar í byrjun júlí var gott, hlýtt og sólríkt. Norðlægar áttir verða ríkjandi uppúr 10. júlí (byrjun hundadaga) og því hefur verið úrkomusamt, fremur svalt og skilyrði til foks á jarðefnum lítil.	2009-08-07		
<b>Sýni 3</b>	2009-07-31	2009-09-02	Norðlægar/austlægaráttir ríkjandi, frekar úrkomusöm tíð og hitastig nálægt meðallagi	2009-09-03		
<b>Sýni 4</b>	2009-09-02	2009-10-01	Hiti og úrkoma yfir meðallagi	2009-10-06		
			Mælingu 2009 hætt 1. okt.			

Annað

Hælur reknir niður og hert á stögum.  
17.06.2009 ath. með vökva í íláti, í lagi.

Vökvi gufaður upp.

Vökva bætt í ílát  
15.07.

Viðauki III

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

Kárahnjúkavirkjun  
Mistur frá Háslóni  
Fallryksmælar

2009  
Lindur, Vesturöræfum

**Áfok 6**

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
<b>NR. 6</b>	N: 64° 53, 900 V: 015° 48, 254	Staðsett innan rannsóknargirðingar RALA. Umhverfi er sléttt nokkuð vel gróinn melur.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	2009-06-30		Seinni partur sl. vetrar var, einkum til fjalla, mun snjóþyngri en undan farin ár og því var tölverður snjór uppá heiðum og jörð blaut fram yfir miðjan júní. Veðurfar í vor (Maí) hefur verið fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu en frekar kalt yfir það heila, leysingar voru því fremur hæggar og án asahlákukafla. Veðurfar í júní var fremur aðgerðarlítið, vindar hægir og úrkoma af og til, hitastig nálægt meðaltali en heitur kaffi kom þó í lok júní. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið lítil vegna snjóalaga og bleytu á fjöllum.			
<b>Sýni 1</b>	2009-06-30	2009-07-31	Veðurfar í byrjun júlí var gott, hlýtt og sólríkt. Norðlæggar áttir verða ríkjandi uppúr 10. júlí (byrjun hundadaga) og því hefur verið úrkomusamt, fremur svalt og skilyrði til foks á jarðefnum lítil.	2009-08-07		
<b>Sýni 2</b>	2009-07-31	2009-09-01	Norðlæggar/austlægaráttir ríkjandi, frekar úrkomusöm tíð og hitastig nálægt meðallagi	2009-09-03		
<b>Sýni 3</b>	2009-09-01	2009-10-01	Hiti og úrkoma yfir meðallagi	2009-10-06		
			Mælingu 2009 hætt 1. okt.			

Annað

Stöð gerð tiltæk. Hefðbundinn skammtur af afjónuðu vatni og 2-methoxyethanoli (98%) var settur í söfnunarlát.

Vökva bætt í ílát 15.07

Viðauki III

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

Kárahnjúkavirkjun  
Mistur frá Háslóni  
Fallryksmælar

2009  
Kofaalda á Vesturöræfum

**Áfok 7**

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
<b>NR. 7</b>	N: 64° 50, 876 V: 015° 49, 330	Staðsettur vestan í Kofaðídu á Vestur öræfum, gengt Kringilsá. Innan rannsóknargirðingar RALA. Umhverfi slétt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	2009-06-30		Seinni partur sl. vetrar var, einkum til fjalla, mun snjóþyngri en undan farin ár og því var töluverður snjór uppá heiðum og jörð blaut fram yfir miðjan júní. Veðurfar í vor (Maí) hefur verið fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu en frekar kalt yfir það heila, leysingar voru því fremur hægar og án asahlákukaflla Veðurfar í júní var fremur aðgerðarlítið, vindar hægir og úrkoma af og til, hitastig nálægt meðaltali en heitur kafli kom þó í lok júní. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið lítil vegna snjóalaga og bleytu á fjöllum.			
<b>Sýni 1</b>	2009-06-30	2009-07-31	Veðurfar í byrjun júlí var gott, hlýtt og sólríkt. Norðlægar áttir verða ríkjandi uppúr 10. júlí (byrjun hundadaga) og því hefur verið úrkomusamt, fremur svalt og skilyrði til foks á jarðefnum lítil.	2009-08-07		
<b>Sýni 2</b>	2009-07-31	2009-09-01	Norðlægar/austlægaráttir ríkjandi, frekar úrkomusöm tíð og hitastig nálægt meðallagi	2009-09-03		
<b>Sýni 3</b>	2009-09-01	2009-10-01	Hiti og úrkoma yfir meðallagi	2009-10-06		
			Mælingu 2009 hætt 1. okt.			

Annað

Stöð gerð tiltæk. Hefðbundinn skammtur af afjónuðu vatni og 2-methoxyethanoli (98%) var settur í söfnunarlát.

Vökva bætt í ílát 15.07

## Viðauki III

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

Kárahnjúkavirkjun  
Mistur frá Háslóni  
Fallryksmælar2009  
Sauðárdalur á Brúardölum

## Áfok 8

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR.8	N: 64° 56, 010 V: 015° 53, 338	Nokkru ofan hæsta (525 m) lónsstæðis nokkuð vestur af Sauðádalsslíflu. Umhverfi er sléttur hallandi, sæmilega gróinn melur. Landhalli að Háslóni.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtnun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn	2009-06-30		Seinni partur sl. vetrar var, einkum til fjalla, mun snjóþyngri en undan farin ár og því var töluverður snjór uppá heiðum og jörð blaut fram yfir miðjan júní. Veðurfar í vor (Maí) hefur verið fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu en frekar kalt yfir það heila, leysingar voru því fremur hægar og án asahlákukafla. Veðurfar í júní var fremur aðgerðarlítið, vindar hægir og úrkoma af og til, hitastig nálægt meðaltali en heitur kaffi kom þó í lok júní. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið lítil vegna snjóalaga og bleytu á fjöllum.				Stöð gerð tiltæk. Hefðbundinn skammtur af afjónuðu vatni og 2-methoxyethanoli (98%) var settur í söfnunarlát.
Sýni 1	2009-06-30	2009-07-31	Veðurfar í byrjun júlí var gott, hlýtt og sólríkt. Norðlægar áttir verða ríkjandi uppúr 10. júlí (byrjun hundadaga) og því hefur verið úrkomusamt, fremur svalt og skilyrði til foks á jarðefnum lítil.	2009-08-07			Vökva bætt í ílát 16.07
Sýni 2	2009-07-31	2009-09-02	Norðlægar/austlægaráttir ríkjandi, frekar úrkomusöm tíð og hitastig nálægt meðallagi	2009-09-03			
Sýni 3	2009-09-02	2009-10-01	Hiti og úrkoma yfir meðallagi	2009-10-06			
			Mælingu 2009 hætt 1. okt.				

Viðauki III

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

Kárahnjúkavirkjun  
Mistur frá Hálslóni  
Fallryksmælar

2009  
Vestan Sauðárdals

**Áfok 9**

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
<b>NR. 9</b>	N: 64° 54, 232 V: 015° 57, 108	Stendur á vesturbrún dalsins í 650-670 m,h,y,s. Gegnt Sauðafelli. Þarna er land tiltölulega flatt, og lítið eitt gróið. Ekki fok úr næsta nágrenni.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn	2009-06-30		Seinni partur sl. vetrar var, einkum til fjalla, mun snjóþyngri en undan farin ár og því var töluverður snjór uppá heiðum og jörð blaut fram yfir miðjan júní. Veðurfar í vor (Maí) hefur verið fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu en frekar kalt yfir það heila, leysingar voru því fremur hægar og án asahlákukafla. Veðurfar í júní var fremur aðgerðarlítið, vindar hægir og úrkoma af og til, hitastig nálægt meðaltali en heitur kaffi kom þó í lok júní. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið lítil vegna snjóalaga og bleytu á fjöllum.				Stöð gerð tiltæk. Hefðbundinn skammtur af afjónuðu vatni og 2-methoxyethanoli (98%) var settur í söfnunarlát.
